

Sent í tölvupósti
Reykjavík, 9. nóvember 2023

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Teits Björns Einarssonar, formanns.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004 (ættliðaskipti bújarða), 45. mál á 154. löggjafarþingi.

Bændasamtökin styðja eindregið frumvarp þetta. Meðalaldur bænda í dag er hár og nýliðun því augljóslega stór þáttur í því að hægt sé að raungera landbúnaðarstefnu stjórnvalda.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur



Sýslumannaráð

Alþingi, nefnda- og greiningarsvið
nefnasvið@althingi.is

4. desember 2023

154. löggjafarþing 2023-2024

Þingskjal 45 - 45. mál

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004
(ættliðaskipti bújarða)*

UMSÖGN

Sýslumannaráð f.h. sýslumanna hefur kynnt sér ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt. Frumvarpið hlaut umfjöllun í fagráði dánarbúa, en fagráðið er skipað sérfræðingum í málaflokknum frá mismunandi embættum. Sýslumenn láta efni frumvarpsins til sín taka vegna þess hlutverks sem sýslumenn hafa að gegna samkvæmt lögum um erfðafjárskatt nr. 14/2004. Í stuttu máli má segja að ábendingar Sýslumannaráðs lúti að skýrleika í orðalagi ákvæða frumvarpsins og að lögfest verði heimild til ákvörðunar erfðafjárskatts að nýju í tilvikum þar sem landbúnaðarrektur á jörð hefur verið lagður af innan þeirra tímamarka sem skilgreind eru í frumvarpinu.

Sýslumannaráð hefur eftirfarandi ábendingar við ákvæði frumvarpsins sem telið er mikilvægt að hugað verði að.

1. mgr. 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um tilkomu nýs ákvæðis í lög um erfðafjárskatt, 18. gr. a., þar sem lagt er til í 1. mgr. að erfðafjárskattur skuli ekki leggjast á jarðir sem notaðar séu undir landbúnaðarrektur samkvæmt skilgreiningu á slíkum rekstri í 4. mgr. 3. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, að uppfylltum öðrum skilyrðum sem sett eru fram í þremur töluliðum. Í frumvarpinu er því lagt upp með að landbúnaðarrektur sé skilgreindur í búnaðarlögum. Af því tilefni er bent á að erfingi eða erfingjar sem kretjast undanþágu frá álagningu erfðafjárskatts á jörð sem notuð er undir landbúnaðarrektur þurfa sjálfir að leggja fram gögn fyrir sýslumann sem sýna fram á að viðkomandi jörð falli undir ákvæði laganna. Ekki verður ráðið af ákvæðum frumvarpsins hvers konar gögn þurfi að leggja fram en séu slíkar upplýsingar ekki þegar aðgengilegar fyrir erfingja þarf að bæta úr því. Til álita gæti komið að halda sambærilega skrá og almannaheillaskrá Skattsins og gera jarðeigendum skylt að skrá jarðir í landbúnaðarrektstri í slíka skrá hjá

viðeigandi stjórnvaldi. Skráning með slíkum hætti er til þess fallin að útiloka allan vafa um hvaða jarðir falli undir undanþágu frumvarpsins.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er það skilyrði fyrir undanþágu á álagningu erfðafjárskatts að arftaki haldi áfram landbúnaðarrektstri í 10 ár frá dagsetningu arftöku. Orðalagið „frá dagsetningu arftöku“ þykir óljóst m.t.t. þess hvaða dagsetningu sé átt við, bæði þegar um ræðir skipti á dánarbúi en einnig við afhendingu bújarðar með fyrirframgreiðslu arfs.

Dánarbússkipti

Ekki verður ráðið með skýrum hætti til hvaða dags orðalag ákvæðisins vísar við skipti á dánarbúi og hvort átt sé við dánardag arfláta, dag skiptaloka með áritun sýslumanns á erfðafjárskýrslu, þann dag sem skiptayfirlýsing er gefin út eða þann dag sem erfingi fær bújörð skráða á sitt nafn með þinglýsingu. Í þessu sambandi þarf að huga að því að það er við skiptalok á dánarbúi sem fyrir liggur hvernig eignum búans skuli úthlutað, þ.e. hvaða erfingi eða erfingjar fá eignir í sinn hlut. Sýslumannaráð telur eðlilegast að miðað sé við dánardag arfláta en sú nálgun þykir gæta jafnræðis milli erfingja óháð því hvað skipti á viðkomandi dánarbúi kunni að taka langan tíma.

Fyrirframgreiðsla arfs

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 14/2004 miðast réttaráhrif fyrirframgreiðslu upp í arf við það tímamark þegar erfðafjárskattur er greiddur eða þann dag sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu varðandi fyrirframgreiðsluna. Er bent á, að gera þarf því skýrari skil hvort dagsetning arftöku samkvæmt orðalagi ákvæðisins skuli miðast við þann dag sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu, þann dag sem skiptayfirlýsing er gefin út eða þann dag sem erfingi fær bújörð skráða á sitt nafn með þinglýsingu. Sýslumannaráð leggur til að við fyrirframgreiðslu arfs vegna jarða í landbúnaðarrektstri verði miðað við þann dag sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu varðandi fyrirframgreiðsluna.

2. mgr. 2. gr.

Mælt er fyrir um það í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins að leggi arftaki landbúnaðarrektstur af áður en 10 ár eru liðin frá arftöku sé arftakanum skylt að greiða fullan erfðafjárskatt af eigninni og að þá skuli skattstofn erfðafjárskatts miðast við fasteignamatsverð jarðarinnar á því tímamarki er búskapur lagðist af.

Sýslumannaráð bendir á að við álagningu erfðafjárskatts á jörð í landbúnaðarrektstri þurfa að liggja fyrir gögn um það hvenær búrekstur lagðist af en ekki er ljóst af frumvarpinu hvaða gögn þurfi að liggja fyrir. Orðalagið „*Leggi arftaki landbúnaðarrektstur af*“ getur því reynst matskennt um hvenær landbúnaðarrektstur teljist hafa lagst af. Því þarf að huga að aðgengi erfingja að upplýsingum þess eðlis, til að leggja fram með erfðafjárskýrslu til sýslumanns.

Í samhengi við orðalagið „*áður en 10 ár eru liðin*“ þykir rétt að geta þess, að óljóst er hver skuli hafa með því eftirlit að jörð haldi áfram í landbúnaðarrektstri og hver skuli eiga frumkvæði að því að tilkynna um það, hafi landbúnaðarrektstur verið lagður af. Þá þykir ekki ljóst hver skuli eiga frumkvæði að því að gera skil á erfðafjárskatti þegar ljóst er að búskapur hefur lagst af innan tímamarka ákvæðisins og því skylt að greiða erfðafjárskatt af jörðinni. Sýslumannaráð bendir á að samkvæmt núgildandi lögum verði hvorki séð að sýslumaður né Skatturinn hafi heimild til að ákvarða erfðafjárskatt að nýju og þykir því ljóst að breyta þarf ákvæðum laga um erfðafjárskatt til að veita því stjórnvaldi, sem annast skal eftirlit og álagningu erfðafjárskatts, slíkar lagaheimildir.

Í samræmi við framangreinda umfjöllun er lagt til að Skattinum verði veitt heimild með breytingu á 10. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 14/2004 þannig að við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

„Hafi jörð í landbúnaðarrektstri verið undanþegin erfðafjárskatti en landbúnaðarrektstur lagst af innan 10 ára frá arftöku, er Skattinum heimilt að breyta erfðafjárskýrslu með vísan til 18. gr. a. laga um erfðafjárskatt nr. 14/2004.“



Sýslumannaráð

Um orðalagið „*frá arftöku*“ vísast til þess sem þegar hefur verið fjallað um vegna ákvæðis 3. tl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Skýra þarf nánar hvenær arftaka telst hafa átt sér stað.

Sýslumannaráð ítrekar, að niðurlag ákvæðisins um tímamark það er búskapur telst hafa lagst af, kunni að vera matskennt, taki skilgreining búnaðarlaga á landbúnaðarrekkstri ekki af allan slíkan vafa. Tilvist skráar yfir jarðir í landbúnaðarrekkstri væri að mati Sýslumannaráðs til bóta í þeim efnum.

Sýslumannaráð vekur athygli á því að óljóst er af efni frumvarpsins hvaða áhrif það hafi í för með sér, falli erfingi frá innan 10 ára sem erft hefur jörð í landbúnaðarrekkstri og erfingjar hans leggja niður landbúnaðarrekkstur innan 10 ára frá arftöku. Brýnt er að tekinn verði af því allur vafi í lögunum um hvort nýtt 10 ára tímabil hefjist hjá síðari erfingja bújarðar sem fengið hefur undanþágu frá greiðslu erfðafjárskatts. Þá þykir ekki ljóst í slíkum tilvikum, hvort skylda til greiðslu erfðafjárskatts stofnist í dánarbúi fyrri eða síðari arfláta eða báðum dánarbúum. Er í þessu sambandi á það bent að allir erfingjar eru ábyrgir fyrir greiðslu erfðafjárskatts í heild ef dánarbúi er skipt einkaskiptum.

Fyrir hönd Sýslumannaráðs

Kristín Þórðardóttir, formaður

(rafrænt undirritað)